

**Biskupsskjalasafn A. VIII, nr. 6.**  
**Skjöl um Hörglandsspítala 1715–1801.**

Örk 1, bl. 3r–6v

Copia af Biggingarbrefe Høskulldar Hannes Sonar  
Hørgslands Hospitals Forstandara.

Eg Jon Thorkels Son Widalin Superintendens Skalholts Stiptis, Gióre Vitanlegt med Þessu minu opnu brefe, ad eg hefe bygt og hier med bygge, vegna Edla Hr lógmannsins Páls Jonssonar Widalin, og min, Høskullde Hannessyni alla Hospitals Jórdena Hórgsland a Sidu, med Hiéleigu Peirre er Jórdunne fylger og gielldst af LXXX alna Landskulld, ad því fyrerskilldu sem efterfilger.

1° Skal hann hallda þau 6 Inventarii Kugillde er Hospitalenu fylgia og Siälfur uppbera leigur efter þau, hvar a möte hann skal yngia þau upp, svo þau Stande alltid ij sinu fullu Verde og Svarest ut gilldur hundredsgripur Kyr hvor, og svo þad sem ij Asaud er, efter lögum, þegar hann vidskilur edur hans Erfingiar.

2° Skal hann niöta alls Agöda Jardarennar, og Itaka, hvort helldur þad er Skögur, Meltak, lamba upprekstur, Reke edur hvad annad med þeim skilmäla sem seiger Art: 3 hier ad nedann.

3° Skög skal hann bruка meiga til hussens, svo mikenn sem hann þarf, enn ecke skal hann meiga liä hann ódrum nie selia. Alls triäreka skal hann niöta, og Aungvann Reikning þar af standa, ad fräskildum Vogrekunum sem Kongenum tilheira. Item Skal hann eiga fisk allann, Enn af Hvólumm þad sem ummfram er leigulida gagn skal hann forlikast umm vid InSpectores, og hónsla med þa efter lögum, og läta selia efter því sem hann fær vidkomed, og vill forsvara.

4. Skal hann Ala 3 Hospitals ömaga, þa sem honum af Inspectoribus ódrum edur bädum tilsagt Verdur, enn þeirra Hreppamenn sem Omagarner frä koma skulu skyllder ad flitia þa a Hospitalied.

5. Skal hann Veita Þessum Omögum, goda og tilbærelega Forsorgun, bæde til dags og Nætur, Fata og Fædis, Hibyla, Pionstu og Alls Annars Adbunadar, so eingenn kunne med riettu þar yfer ad klaga.

6. Einga adra landskulld skal Hóskulldur giallda enn þessa, nema 20 al. Prestenum Arlega.

7. Husum Jardarennar, svo Vel þeim sem heima eru, sem Hiéleigu Husunum og Hospitals husunum skal hann hallda vid goda hefd og magt, bæde ad Veggium, Vidum og Þake og Svara Peim ut Forsvaranlega byggdum, þegar hann Vidskilur eda hans Erfingiar. Item Skal hann rækta läta Tun og Eingiar, so hvorugt spillest edur Nidest, Þad hann fær Vidgiört, Svo og skal hann Varna vid skada þeim er uppä kynne ad falla af Wótnum edur Sande, so miked sem ij hans valdde kann ad vera.

8. Skal Hóskulldur uppbera alla Hospitals hlute sem tilfalla arlega ij Mirdal.

9. Skal hann Innkrefia þa 15 hndr. Skulld sem enn nu Inne stendur hiä Mons(ieu)r Päle Amundasyne, fordum Hospitals Forstandara, hveria hann gialda ä Hospitalenu, efter giörd Profastsins Sra Einars Biarnasonar.

10. Skal hann uppbiggia Hälfkirkuna ad Horgslande, og þar til bruка Reka Hospitals Jardarennar, enn þeir menn sem bua a þeim bæjum, er sækia þessa Hälfkirkiu skulu allt torfverk gióra ad kirkunne efter ordinantiunne, so og adstoda Hospitals Forstandarann, ij því ad koma Triäm af fiórnum, efter Því sem hvór er Megnugur til. Oska eg hier med ad HieradsProfasturenn Sra Einar Biarnason hafe goda tilhlutan Vid Adurgreinda menn ad þetta frammeingt Verde. Enn hvad Peim 15 hndr. vidvikur, sem Adurgreind eru, og enn nu Inne

Standa hiä Velnefndum Päle Amunda syne, þá stande þau ij Vórdslum Hóskulldar, ef hann fær þau Innkrafed, þar til Velnefndur Hr. lógmadurenn og eg, giórum rädstófun þar umm efter ockar Embætte. Og ad þessu so fyrerskyldu og hólldnu af fyrnefndum Hóskullde Hannessyne skal hann niöta Jardarennar abudar fri og atólulaus ij allann mäta, so leinge sem hann vill, og hann skilmälana helldur. Framann og ofanskrifudu til Stadfestu og Merkis, skrifa ég mitt Nafn med Eigenn hende, og Prycke Innsigle minu hier ad nedann.

Skalhollte Þann 24. Januarij, Anno 1715 J. Widalin (LS)

### Reikningur Hórgslands Hospitals giórdur af Hóskullde Hannessyne

Epter Befaling Peirra Häbetruudu nu verande Tilsionar Manna Hospitalanna ä Islande, gióre eg underskrifadur Þvilikann Reikning fyrer mier tiltruad Hórgslands Hospital, sem epter veiting VelEdla Hr Biskupsens Säl. Mag. Jons Widalins, biriast Anno 1715 til þessa, svo sem epterfilger.

#### Hospitalsins Uppakostnadur

Anno 1715. Þegar eg kom til Jardarennar voru a Hospitalinu tveir karl-ömagar og einn kvennömage, hveria alla eg hiellt 1716 og 1717 Par til annar karlömaggenn deide ij Junio 1718. Kom ij hans Stad Kvennömage ij Fardögum 1719 sem deide Anno 1720 umm Sumarmál.

Deide hinn annar Karlömagginn 18. Februarii 1720.

Kom ij hans Stad Kvennömage 26. Aprilis 1720 sem er og hefur vered sidan ij Myrdal, svo nu eru ij minni ummónnun tveir Kvennömagar, hann og annar til.

Uppbygde eg hälfkirkiuna ä Hospitals Jórdunne 1717. Item Altare og Predikunarstöl.

Til SöknarPrestsins hefe eg arlega betalad 20 al.

#### Þetta hefur Hospitalinu tillagst sidann 1715

Fra Sr Runolfe Hendrichssyne, 110 alner

Fra Þorde Ingemundarsyne, 50 al.

Fra Sr Benedict Jonssyne, 60 al.

Þad Hospitalded Erfde 1720, 2 hndr. 38 al.

Item hefe eg uppboð Allann Agöda Hospitals Jardarennar sidann 1715 og kugildanna, sem og eirnenn Hopitalsfiskenn ur Myrdal.

Mier hefur og so fullnægt vered fyrer þau 15 hndr. sem Päll Säl. Amundason atte Hospitalenu ad Svara og koma attu ij ofanälag Husanna.

Til merkis og Sannenda, ad þessi Reikningur sie Rigtugur, skrifa eg mitt nafn hier under med Eigen hende.

Ad Skálhollte þann 28. Martii, Anno 1723 Hóskulldur Hannesson.

Þesse hier ad ofann standande Hospitals Reikningur, er Riett utskrifadur efter sinum Original, Þad testera underskrifader er samanläsu hvorttveggia ad Skalhollte Þann 19. dag Aprilis Mänadar Anno 1724. Pördur Pördarson Jon Magnusson.

Framanskrifadann Reikning hefe eg Underskrifadur sied ij gieignum, og Virdest mier Hóskulldur Hannesson Verda Hórgslands Hospitale skylldigur, fyrst umm 4 hndr. 18 al. fyrer þad sem því hefur tillagst sidann 1715 og þad Erfde 1720. Svo hefur hann a möte skilmálum biggingarbrefsins, ecke hallded nema two Ömaga frá Junii Mänude 1718 til Fardaga 1719. Þar fyrir reikna eg fulgu þess hins Pridia, er honum bar ad hallda, ei Minna en 3 hndr. 30 al. sem stendur inne hiä Hóskullde. Aftur hefur hann ecke forsorgad nema two ömaga Sidann Sumar Mäl Anno 1720 hver time reiknast nærr 3 ar, því synest ad ForlagsEyrer Ömagans þess Pridia, sem hann ecke hiellt umm sagdann tima meige ecke alítast minna verdur enn  $7 \frac{1}{2}$  hundrad (iij hndr. a are). Verdur þá skulldenn hiä Hóskullde fyrer þeirra Forlags Eyrer 10 hndr. 90 al. Hier vid bætast þau 15 hndr. sem Päll Säl. Amundason Atte ad svara Hospitalenu, og tittnefndur Hóskulldur Jätar sig uppored hafa, er þá til samans óll skulldenn hiä honum Innestandande 29 hndr. 108 al.

Annars ef tied 15 hndr. hafa Att ad leggiast ofann ä husenn a Hórgslande, og hann skilar þeim gylldum þegar ij burt vikur, þá Verdur Summan 15 hndr. minne enn adur er skrifad. Hier umm til Merkis er undirskrifad Nafn ad Skálhollte d. 19. Aprilis Anno 1724 Jon Arnason.

Hier ad auke a Hórgslands Hospital hia mier ~~mier~~ underskrifudum innestandande, leyfisgialld Eireks Eirikssonar og Ingebiargar Jonsdottur, þad eru 2 Rd. Specie og 2 Rd. Croner, hveria VelEruverdugur Profasturenn yfer Mula Sysslu Sr Päll Hógnason liet mier afhenda nefndra hiöna Vegna ij fyrra Sumar A Alþinge d. 13. Julij. Til merkis underskrifad Nafn ad Skalhollte d. 19. Aprilis Anno 1724 Jon Arnason Super: Skal: St:

So hefe eg medteked fyrer Hospitalshlute úr SkaptafellsSysslu, hvoria Heidurlegur Sr Benedix Jonsson ij Biarna Nese hefur samanteked Min Vegna, þeim Anvendt ij peninga, og mier sendt a Alþing Anno 1723 og 1724 10 Rd. 4 m(örk) og 2 sk. Croner. Item er enn til min komed leyfisgialld Sigfusa Sigfussonar og Sigríðar Eyriksdottur, 8 Rd. Specie og leifisgialld Eyreks Jonssonar og Gudrunar Marteinsdottur 1 Rd. Specie og 2 m(örk). Summa peninganna, sem heira til Hórgslands Hospitale, og hiä mier eru geimder 11 Rd. Specie og 13 Rd. 2 sk. Croner. Til Merkis Mitt Nafn og hiaþryckt Signet ad Skalhollte þann 15. Jan: Anno 1725 Jon Arnason Super: Skal: St: LS

Framannskrifada Hospitals Reikninga hefe eg Yferskodad og er þeim fyllelega Samþyckur. Til Vitnis Vid Øxaraa þann 25ta Julij 1726 Paall Widalin.

[Á bakhlið:] Hórglands Hospitals Reikningur 1715.

[Hér fylgir einnig með sálmur Guðmundar Jónssonar um Stórubólu sem geisaði á árunum 1707–1709.]

## ÍBR 127 8vo

Bls. 180–185

Eirn andrijkur psälmur umm Storuboluna 1707.  
Orktur af Gudmunde Jonssyne Blinda ä Hörgslande.

Tön Are Heyra nu Hid nya, nädarg(odur): etc.

Göde Fader Gud Himnanna,  
gief þu oss i Jesu nafne Andann Pinn,  
so kraptar glader Sigurinn sanna,  
Sýfellt hrose Digdumm þijnum Drottinn minn;  
Packer og heidur þier skal færa,  
þijn er Dýrd og vegsemd vijs,  
aa himne og Jørdu eilijf æra,  
og elskann kiæra,  
af öllum tungumm Lof og prijs.

Vyrdulegasta Þrenning þijda,  
þijnumm augumm lijt þu til vor Jørdu aa,  
med miuklætt gied og mýskun blijda,  
mýrkradraugum forda þu og geim oss fra,  
eirninn rek burt illa anda,  
og ohreint allt hvad skada vill,  
nidursocktu følskum fianda,  
i faar og vanda,  
flije og söckve Ørskot ill.

Dyrdlegaste Drottinn millde,  
Daasamlega geimdu oss fra allre neid,  
under fridar skijrumm Skillde,  
skijl þu oss fra Jesu kross og bitrann deid,  
Þijn hægre Hønd og her eenglanna,  
hljife oss vid allre kvøl,  
gief heilsu frid og huggun sanna,  
hyrder manna,  
hindra freis<t>ne Sorg og bøl.

Milldur Drottinn Þiädum Þiödum,  
Þijnumm öllum hialpa nu i hvórre neid,  
vond er tyd a vegaslodumm,  
vier til fota föllumm þier vor ædste Gud,  
vef þu oss i verndan þinne,  
vængia Skiole og hægre hønd,  
so eingin Skadsemð å oss vinne,

enn angrid linne,  
af oss leistu Sorgarbønd.

Vissann frid i Vøku og blunde,  
verndar hvylu nætur rö og göda hvilld,  
unne oss Drottins astar millde,  
ad þinn verde heidurinn og þockan gilld,  
vier erum born i margan mata,  
mórg er þørfin brad z straung,  
Vanburduga Vyst ma Jäta,  
ad veina og grata,  
vystinn Heims er styrd og Laung.

Naudstøddumm i krapte Klärumm  
kiærleik, näd og mýskun send þu Drottinn minn,  
øllum veikumm siukum Saarum,  
sendist vægd fyrer Jesumm sæta soninn þinn,  
ad hugga þa sem harm nu bera,  
hina siuku Lækna best,  
angrid laat og eimder þverra,  
O hædste herra,  
til heidurs þier og Dyrdar mest.

Dapra þiod i Daudans Skugga,  
Dyrdar Herra hialpa þeim og aumka þa,  
angrud hiørtunn aptur hugga,  
med utfør godre leid þa heim,  
hier falla fra Saalumm þeirra Sigurinn biode,  
sannur Gud fyrer Jesum Christ,  
og lauge þa i Lambsins blode;  
af meine og mode  
i mæta flitie Himnavist.

Vier høfum Drottin reitt til Reide,  
rammleg tiptan fallinn er i Landid Inn,  
myskunsemina gud oss greide,  
gratinn beiskann sierhvorn sierdu Drotinn minn,  
Svipt ür lande Sött og Harme,  
Sarann miktu Reide vønd,  
oss børn þýn kiær med ästar arme,  
i elsku barme,  
aptur blesse þýn nu hønd.

Riettu Drottinn rauna smelldum,  
rykuglega hialpar hønd til heidurs þier,  
Særdum Stirdum Hiadum Hrelldum,  
Heliar bønd afleistu þeim er Sottinn skier,  
liettu Soddan kvøl og kveine,  
af krankre þinne eiginn mind,  
so sæta huggun sierhvor reine

og sviptist meine,  
i nadar þinnar nírre Lind.

Ydrande med audmýkt hreina,  
aller bidumm sannan Gud umm vægd og näd,  
blessan hollds og botinn meina,  
blydur Jesus hialpe I naud og siä til Rad,  
Christi Unda krapturinn hreine,  
kome nu yfer børninn hans,  
væge og line voda og meine,  
Vel hvor reine  
Lýkn og mýskun Lausnarans.

Ogna Bolann grøm nam geysa,  
Guds er vøndur Lopte aa sem breidest ut,  
af mórgum giórir Lyfid leisa,  
lyfa epter borninn smä med sorg og süt,  
liettu soddann Sara vende,  
sannur gud af þinne þiod,  
af Liömande Lýknar hende,  
lækning sende  
þeim fyrer Jesu blessed blod.

Nauda Syndinn saarum velldur,  
Sverdid Guds yfer Høfde er,  
þad vekur möd, här og Lägur Heyrist felldur,  
høggur sart og eirninn skier  
Þad Islands þiod, Gud a friälst ad góra sinn vilia,  
gott er ad falla i Herrans Hønd,  
Hann a valld ad skycka og skylia,  
skamta og hilia,  
Lækna og græda og leisa Bønd.

Sie nu Jesu beniablodid,  
blessud Lækning øllum oss og huggun hrein,  
elskann hans og undaflodid,  
øll so kvól hann leid a kross og daudans mein,  
hans forþienusta fride og græde  
fæ<g>e og mýke meininn øll,  
riettlatisins kraffturinn kiære,  
christna nære,  
leid oss sýdann Lyfs i høll.

Sig hefur Jesus Gudsson goede,  
giefid øllum heime hier til lausnar Lýd,  
vier erum Laugud i hans blode,  
andleg skyrn og trúinn er vor huggun blyd,  
Lýfandi vier lyfum Drottne,  
lyka dauder erumm hans  
hier þo holldsins hreysid brottne

og holldid rotne,  
ä himnum liömar Saalinn mans.

Oss filge Gud ä vorum vegum,  
vinsamlega Haskalaust i fride og näd,  
med einglaskara ästudlegum,  
andans heilags verkan traust er truar said;  
Oss i Jesu Undafride,  
einglar Drottins filge heim,  
Säler vorar synge gude,  
i samføgnude,  
fegurst Lof med Flocke þeim.

Nær vor Säl af Lykama lýdur,  
liömande guds einglaher oss vase hia,  
heilagur ande oss hugge blýdur,  
herran Jesus Sialfur vere oss i og hiä,  
holldur Klæddur herrann Frome,  
hægdt afklæd þu myna Ønd,  
i skridd Jesu Unda blome,  
Øndinn liome,  
i eingla kongsins hægre hønd. Amen

I fra christi Dyrumm Deige  
Datum skrifast þüsund ein hia børnum hans.  
Sióhundrud og Siø eg seige,  
sorgarefne þetta gieck um alfur lands,  
fýrr ried Bolann fiøre halla,  
Fiørutyu og nyu eru sydann aar,  
ønnur sýdan inn ried falla,  
enn ei ýfer alla,  
eru Sydann tuttugu og fiörtan är.

Af þessu sydasta Styrda verse ma Þo Þetta sia og læra ad i hans minne er Psalmin orkte hefur bolan geinged 1651 og sydar 1673.

[Síðasta erindi kvæðisins kann að vera viðbót sem kemur Guðmundi Jónssyni ekki við. Eins og sjá má í næstsíðasta erindinu þá lýkur því á orðinu Amen sem rímar ekki við það sem á undan er farið og er því ekki hluti kvæðisins en virðist til merkis um að þar hafi skáldið lokið kvæðinu.]